

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 1140 (13.2.2025) - Frá Matvælaráðuneytinu; Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024-2025 Dalvíkurbyggð - tillaga að sérreglum.

Málsnúmer : 202501104

Málsaðili : Matvælaráðuneyti

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 13.02.2025

Inngangur : Á 1139. fundi byggðaráðs þann 6. febrúar sl. var m.a. eftirfarandi bókað:
"Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim upplýsingum sem hún hefur aflað um ofangreint samkvæmt símtali við starfsmann Matvælaráðuneytisins. Jafnframt fylgdu með fundarboði byggðaráðs upplýsingar um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan Dalvíkurbyggðar fyrir síðustu 4 fiskveiðiár.
Niðurstaða : Afgreiðslu frestað til næsta fundar."

Með fundarboði byggðaráðs fylgdi tillaga að ályktun um sjávarútvegsmál ásamt útfyllt eyðublað vegna tillögu Dalvíkurbyggðar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.

Niðurstaða : a) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirbyggjandi tillögu að sérstökum skilyrðum Dvíkurbyggðar fyrir úthlutun byggðakvóta sem er tillaga um óbreyttar sérreglur á milli ára. Vísað til umfjöllunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.
b) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að vísa tillögu að ályktun um sjávarútvegsmál til umfjöllunar í sveitarstjórn.